

Vinum saman

Þær breyttu áherslur í skólastarfi sem birtast í nýrri aðalnámskrá frá árinu 2013 gera kröfur um að skólinn endurskoði kennsluaðferðir og námsmat. Álfhólsskóli hefur unnið markvisst að því síðustu ár að tileinka sér þessa nýju hugsun. Einn liður í þessari vinnu er verkefnið „Vinum saman“ sem er ætlað að koma til móts við kröfur aðalnámskrár um að efla alhliða hæfni nemenda auk þess sem verkefnið gerir kennurum frekar kleift að einstaklingsmiða í kennslu sinni. Áhersla verkefnisins er að stuðla að þróun kennsluhátta sem stuðla að fjölbreyttum námsaðferðum.

Markmiðin eru:

- Efla samstarf kennara og nemenda
- Efla ábyrgð nemenda á eigin námi
- Styrkja kennara í fjölbreyttum kennsluháttum og hæfnimiðuðu námsmati
- Gefa kennurum og nemendum færi á að kafa dýpra í viðfangsefni út frá forsendum einstaka nemenda
- Styðja við einstaklingsmiðað nám
- Styðja við og efla lykilhæfni nemenda

Verkefnið felur ýmist í sér að í 2-4 kennslustundir á viku vinna nemendur á miðstigi saman að ákveðnu þemaverkefni í 6-8 vikur í senn og á unglíngastigi vinna nemendur heilan dag saman að ákveðnu þemaverkefni. Nemendur úr öllum árgöngum stigsins blandast saman í hópum á þessum tímum og hver hópur vinnur með ákveðið viðfangsefni þar sem leitast er eftir að nemendur nái ákveðnum hæfniviðmiðum. Lögð er áhersla á samþættingu námsgreina og samkennslu á þessum tíma og leitast eftir því að verkefnið skilji eftir sig einhverja afurð. Nemendur eru þá að vinna að ákveðnum hæfniviðmiðum undir viðfangsefninu út frá eigin forsendum og áhuga. Þetta gerir það að verkum að afurð, verkefni og kennsluaðferðir sömu vinnustofunnar ættu ekki endilega að vera þær sömu í ólíkum hópum þótt viðfangsefnið eða þemað sé það sama. Verkefnið styður einnig við lykilhæfni nemenda en í vinnustofunum verður lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til að vinna í hópi með ólíkum einstaklingum, kynna verkefni sín fyrir öðrum með ólíkum miðlum, velja sér námsaðferðir og verkefni, skipuleggja nám sitt og verkefni, sýna frumkvæði, taka leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og meta eigin verkefni. Með þessu móti má koma til móts við kröfur aðalnámskrár um að efla alhliða hæfni nemenda auk þess sem aðferðin gerir kennurum frekar kleift að einstaklingsmiða verkefni.